

um frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Einnig hefur hún kynnt sér breytingar-
tillögur við það, er henni bærust frá búnaðarþingi. Nefndin leggur til, að frum-
varpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „land utan“ í 1. málsg. komi: skipulagssvæða.
2. Við 3. gr.
 - a. Í stað orðanna „hann nýttjar hana ekki“ í 1. málsg. komi: rekur ekki búskap á henni.
 - b. Í stað orðanna „innan mánaðar“ í 4. málsg. komi: fyrir 15. apríl.
 - c. Á eftir orðunum „3 ár“ í 5. málsg. komi: eða lengur.
3. Við 6. gr. 2. og 3. másl. síðari málsg. orðist svo:

Þó á leiguliði rétt á vatni til áveitu og heimilisrafstöðvar og til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar, svo og byggingarefni til búsparfá. Leiguliði á rétt á bótum fyrir jarðrask og átroðning, sem leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvilíkra fyrirtækja.
4. Við 7. gr. Orðin „leigumála hennar að fornu, að svo miklu leyti sem jörð er óbreytt“ í síðari málsg. falli burt.
5. Við 13. gr. Síðasti másl. fyrri málsg. orðist svo: Fjárhæð þá, sem landsdrottinn er gert að greiða samkvæmt mati, skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu fjórum árum, að viðbættum almennum útlánsvöxtum í Búnaðarbanka Íslands.
6. Við 22. gr.
 - a. Í stað orðanna „Ef fráfarandi á fyrning heys“ komi: Ef fráfarandi á fyrningar heys.
 - b. Aftan við greinina bætist: sbr. 3. grein.
7. Við 23. gr.
 - a. 1. másl. fyrri málsg. orðist svo:

Fráfarandi skal hafa flutt búfjáraburð allan á tún, áður en hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu í tæka tíð, ef ekki er um annað samið milli viðtakanda og fráfaranda.
 - b. Aftan við síðari málsg. komi: Sama gildir um veiðirétt.
8. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, sem sérstaklega hvíla á leigu-jörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottinn að kostnaðarlausu. Landskuld og leigur og önnur afgangjöld skal hann greiða fyrir 31. des. ár hvert, nema öðruvísi sé um samið.

Nú hefur leiguliði eigi greitt afgangjöldin 31. júlí, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtu-kostnað. Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöldin að fullu fyrir 1. nóv., næstan eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé úthygging birt í síðasta lagi fyrir næstu jól á eftir.
9. Við 42. gr. 1. másl. orðist svo:

Nú vill landsdrottinn gera meiri háttar jarðabót á jörð, sem hefur tún yfir 10 ha, og jörðin er í fastri byggingu, og skal hann um það leita samkomulags við leiguliða.
10. Við 51. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar ábúandi fer af leigujörð, skulu úttektarmenn meta þær umbætur, sem hann hefur gert á húsum, ræktun og öðrum mannvirkjum á leigutíma sínum. Séu þessi mannvirki meira virði alls á jörðinni en þau voru, þá er ábúandi fluttist á hana, skal landsdrottinn greiða fráfaranda mismuninn og taka að sér þau lán, sem hann hefur gefið veðleyfi fyrir, ef einhver eru, til greiðslu mannvirkjanna. Séu mannvirkin minna virði, að mati úttektarmanna, en þau voru, er leiguliði tók við jörðinni, skal hann greiða landsdrottinn mismuninn, og kallast það leiguliðabót. Sá mismunur, er greiðast skal og ekki eru skuldir fyrir, er lögtakskræfur. Við matsgerð þessar ber úttektarmönnum að taka tillit til almennra verðbreytinga, sem orðið hafa á mannvirkjagerð.

Alþingi, 26. apríl 1960.

Jón Pálmason, Ágúst Þorvaldsson, Einar Sigurðsson,
form. frsm. fundaskr.
Benedikt Gröndal. Karl Guðjónsson.